

Reikningsskilaráð ríkisins

41. Fundur – 12. febrúar 2020 kl. 08:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, Björn Þór Hermannsson og Ólafur Hjálmarsson
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 40. fundar samþykkt.

2. Erindi til reikningsskilaráðs.

Unnið hefur verið í svari ráðsins á milli funda. Lögð voru fram lokadrög vinnuhóps að svari Reikningsskilaráðs við erindi fjármála- og efnahagsráðuneytis varðandi málefni LÍN og Menntasjóð námsmanna. Ráðið sammála um niðurstöðuna og í framhaldinu af fundinum verður svarið sent Fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

3. Ríkisreikningur 2019 og innleiðingaráætlun.

Farið var yfir stöðuna á vinnu við ríkisreikning 2019. Fjársýsla ríkisins vinnur nú að greiningu á innleiðingu IPSAS-staðlanna. Á næsta fundi verður farið yfir stöðu á vinnu Ríkisreiknings, gerð grein fyrir innleiðingu staðlanna í reikningshaldinu við uppgjör ársins 2019 og jafnframt settar fram tillögur til ráðsins um heimildir til frestunar á innleiðingu einhvers hluta staðlanna.

4. LOF lagabreyting

Farið var yfir að lagabreyting við 51. gr. LOF hefur verið samþykkt á Alþingi og vísun í ársreikningalög farin út úr lögum í samræmi við tillögur Reikningsskilaráðs þar að lútandi. Fjársýslan mun í samráði við Ríkisendurskoðun setja verklagsreglur sem verða kynntar ráðinu þegar þær liggja fyrir.

5. Önnur mál

Ekki var fleira rætt og fundi slitið kl. 09:30.